

LESIÐ Á MILLI LÍNA:

Að draga ályktanir við lestur

Aldurshópur

Mið- og unglingastig

Um aðferðina

Við ritun á texta gerir höfundur að einhverju leyti ráð fyrir því að hann og lesandinn mætist á miðri leið í merkingarsköpuninni og því má segja að merking textans sjálfs sé sjaldnast fullkomlega augljós. Lesandinn þarf stundum að geta í eyðurnar, að lesa á milli línanna og átta sig á því sem ekki er sagt berum orðum. Hann þarf með öðrum orðum að gera sér í hugarlund eða mynda sér skoðun á því sem hann telur að höfundurinn vilji koma á framfæri með því að nýta sér vísbendingar úr texta og nota eigin bakgrunnsþekkingu á viðfangsefninu. Hvort tveggja gerir lesandanum kleift að draga ályktun varðandi merkingu textans en áframhaldandi lestur leiðir svo í ljós hvort ályktunin eða forspáin reynist rétt eða ekki. Þetta kann að virðast flókið en við erum stöðugt að draga ályktanir í daglegu lífi með því að ráða í líkamstjáningu eða raddblæ fólks svo dæmi séu tekin.

Reynslumiklir lesarar eru glöggir að átta sig á hinu ósagða en ungir lesendur gera sér oft ekki grein fyrir því með hvaða hætti þeir nota ályktunarhæfni sína við lestur og hvernig þeir geta notað hana til að auka lesskilning sinn. Þessari aðferð er ætlað að hjálpa nemendum að átta sig á samspili texta og eigin bakgrunnsþekkingar og hvernig ályktunarhæfnin getur hjálpað þeim að öðlast dýpri skilning á textanum.

Til að glöggva sig á þessu samspili getur verið gott að taka dæmi sem standa nemendum nærri og miklar líkur á að þeir hafi næga bakgrunnsþekkingu til að geta dregið rétta ályktun:

| Texti | Bakgrunnsþekking | Ályktun |
|---|--|--|
| Aron kom hlaupandi inn, henti legghlífunum og græna búningnum í töskuna og rauk aftur út. | Legghlífar eru notaðar í fótbolta. Breiðablik spilar í grænum búningum. Þegar einhver rýkur út er hann yfirleitt að flýta sér mikið. | Aron er líklega orðinn of seinn á fótboltaæfingu hjá Breiðablik. |

Með endurtekinni þjálfun ættu nemendur að komast á það stig að nýta sér aðferðina án umhugsunar í glímu sinni við fjölbreytta texta og mikilvægt er að þeir öðlist meðvitund um þetta samspil texta, eigin bakgrunnsþekkingar/forspár og ályktunarhæfni. Til einföldunar má tala um aðferðina sem nokkurs konar formúlu:

Bakgrunnsþekking + vísbendingar úr texta = Ályktun

Markmið aðferðar

- Að vekja nemendur til umhugsunar um að ekki eru allar upplýsingar gefnar upp í textum.
- Að nemendur læri að virkja bakgrunnsþekkingu við lestur texta.
- Að nemendur efli lesskilning sinn.

Gögn

- Dæmi um vinnu með aðferð (sjá bls. 3 og 4 hér að neðan).
- Texti valinn af kennara, t.d. úr skáldsögu.
- Tölva og skjávarpi eða annað sem gerir kennara kleift að glósa þannig að nemendur sjái textann.
- Þriggja dálka glósur, t.d. eyðublað á bls. 5.
- Veggspjaldið: Ályktunarformúlan

Framkvæmd

Aðferðin er kennd í gegnum stigskiptan stuðning en lesa má nánar um hann á *Læsisvefnum*.

1. Kennari velur texta sem hann telur heppilegan til að nota í sýnikennslunni og velur þau atriði úr textanum sem hann ætlar að nota. Jafnframt útbýr kennari þriggja dálka yfirlit með dálkaheitunum *Texti*, *Bakgrunnsþekking* og *Ályktun* (til að nota í þriðja skrefi).
2. Kennari útskýrir fyrir nemendum hvað ályktun í lestri er. Tilvalið er að vitna í verkefnið *Tengingar á Læsisvefnum* ef þær hafa áður verið kenndar og fjalla stuttlega um mikilvægi bakgrunnsþekkingar fyrir lestur. Jafnframt er gott að nota veggspjaldið sem fylgir verkefninu við útskýringarnar og hafa það sýnilegt nemendum til að minna þá á aðferðina.
3. Kennari byrjar að lesa textann og stöðvar lesturinn þegar hann er búinn að lesa yfir fyrsta kaflann sem hann ætlar að nota í sýnikennsluna (t.d. ein efnisgrein). Þá útskýrir hann fyrir nemendum hvaða ályktanir hann dregur þegar hann les textabrotið og hvaða bakgrunnsþekkingu hann notar sem verður þess valdandi að hann dregur tiltekna ályktun. Kennari skrifar málsgreinina sem liggur til grundvallar ályktuninni í fyrsta dálkinn, bakgrunnsþekkinguna í annan dálkinn og ályktunina í þriðja og síðasta dálkinn.
4. Kennari les síðan áfram og endurtekur skref þrjú við næsta textabrot. Þetta er endurtekið eins oft og þurfa þykir.
5. Þá er komið að nemendum að spreyta sig með hjálp kennara (sameiginleg þjálfun). Kennari les næsta kafla/næstu efnisgrein og fær nemendur til að virkja eigin bakgrunnsþekkingu og draga ályktanir varðandi það sem lesið var. Kennari hjálpar nemendum af stað í þessu skrefi ef þarf.
6. Skref fimm endurtekið eins oft og þurfa þykir.
7. Nú er komið að nemendum að spreyta sig á eigin spýtur (sjálfstæð þjálfun). Kennari leggur til texta ef hann vill tengja lesturinn við námsefni bekkjarins eða segir nemendum að velja eða lesa áfram í þeirri skáldsögu sem þeir eru að lesa og að þeir eigi að glósa (einnig hægt að nota eyðublaðið sem hér fylgir) eins og gert var í æfingunum hér á undan. Kennari fylgist með nemendum í þessari vinnu, aðstoðar eftir þörfum og veitir endurgjöf.

Dæmi um vinnu með aðferð

Hér hefur kennari valið heppilegan texta sem hann ætlar að nýta í sýnikennslunni og kallað fram eigin bakgrunnsþekkingu og ályktanir sem hann dregur við lesturinn. Textinn er úr bókinni *Rannsóknin á leyndardómum Eyðihússins* eftir Snæbjörn Arngrímsson.

Textabrot 1

Hann átti eftir að koma aftur næsta sumar þótt fáir hefðu trúað því þegar hann yfirgaf Álftabæ um haustið. Enginn í þorpinu þekkti Guðjón G. Georgsson áður en hann birtist og heldur ekki þabba hans. En þegar þeir keyrðu burt um haustið á gamla, hvíta Mercedes Benz sendibílnum – þeim sama og þeir komu á snemmsumars – vissu allir hverjir þeir feðgar voru.

| AÐ DRAGA ÁLYKTUN – ÞRIGGJA DÁLKA GLÓSUR | | |
|--|---|---|
| Texti | Bakgrunnsþekking | Ályktun |
| Hann átti eftir að koma aftur næsta sumar þótt fáir hefðu trúað því þegar hann yfirgaf Álftabæ um haustið. | Álftabær er ekki til á Íslandi! | Sögusviðið er skáldað en á líklegast að vera úti á landi á Íslandi. |
| Enginn í þorpinu þekkti Guðjón G. Georgsson áður en hann birtist og heldur ekki þabba hans. | Þetta er ekki neinn frægur eða þekktur á Íslandi. | GGG er líklegast ein af sögupersónum sögunnar. |

Textabrot 2

Þetta var sannur sumardagur. Ég sat dösuð úti á dyraþrepinu rétt fyrir hádegismat, tuggði strá og virti fyrir mér, eins og svo oft áður, eyðihúsið hinum megin við veginn. Þar var engin hreyfing. Sólin skein á hvítmálaða bygginguna svo hún virtist ljóma, en ryðgað bárujárnsþakið og fúnir, hálfónýtir gluggahlerarnir vitnuðu um niðurníðsluna og eymdina sem þessi fyrrum glæsibygging mátti þola. Stundum var ró yfir húsinu og eins og það svæfi vært en aðra daga streymdi frá því ólgandi illskan.

| AÐ DRAGA ÁLYKTUN – ÞRIGGJA DÁLKA GLÓSUR | | |
|--|---|---|
| Texti | Bakgrunnsþekking | Ályktun |
| Ég sat dösuð úti á dyraþrepinu rétt fyrir hádegismat, tuggði strá og virti fyrir mér, eins og svo oft áður, Eyðihúsið hinum megin við veginn. | Dösuð = kvenkyns sögupersóna. | Líklegast aðalpersóna sögunnar. |
| Sólin skein á hvítmálaða bygginguna svo hún virtist ljóma, en ryðgað bárujárnsþakið og fúnir, hálfónýtir gluggahlerarnir vitnuðu um niðurníðsluna og eymdina sem þessi fyrrum glæsibygging mátti þola. | Niðurníðsla merkir oftast að húsið hafi verið mannlaustr lengi. | Eitthvað á eftir að gerast í Eyðihúsinu. Það er líklega aðalsögusviðið! |

Textabrot 3

Grasið var þegar orðið hnédjúpt – þótt ekki væri langt liðið á sumar – og bærðist létt í golunni. Við gamla garðshliðið stóð allaufgað reynitré og dansaði rólega við vindinn. Allt var kyrrt.

| AÐ DRAGA ÁLYKTUN – ÞRIGGJA DÁLKA GLÓSUR | | |
|---|---|--|
| Texti | Bakgrunnsþekking | Ályktun |
| Grasið var þegar orðið hnédjúpt – þótt ekki væri langt liðið á sumar – og bærðist létt í golunni. | Hnédjúpt gras þýðir að það hafi ekki verið slegið. Þetta gæti verið í júní. | Enginn býr í húsinu! Lognið á undan storminum! Eitthvað stórt á eftir að gerast! |

Textabrot 4

Ég á heima í útjaðri lítils þorps. Þetta er fiskiþorp því hér er höfn og í höfninni eru margir fiskibátar. Hér er barnaskólinn, skólinn minn. Þorpið heitir Álftabær og hér hef ég alltaf átt heima eins og Áki bróðir minn, pabbi og mamma. Fyrir framan húsið mitt liggur mjór malarvegur. Og meðfram honum rennur djúpur og vatnsmikill lækur, kallaður Kaldilækur. Hér úti við Kaldalæk eru þrjú hús. Eyðihúsið. Sjónarhóll. Og húsið mitt. Það heitir ekkert. Í kringum húsin þrjú eru stór tún.

| AÐ DRAGA ÁLYKTUN – ÞRIGGJA DÁLKA GLÓSUR | | |
|---|---|--|
| Texti | Bakgrunnsþekking | Ályktun |
| Hér er barnaskólinn, skólinn minn. | Í dag er talað um grunnskóla en í gamla daga var talað um barnaskóla. | Annað hvort gerist sagan í gamla daga eða rithöfundurinn er gamall. Sú sem segir söguna er barn. |
| Fyrir framan húsið mitt liggur mjór malarvegur. | Það er ekki mikið af malarvegum í þéttbýli í dag. | Styður það að sagan gerist í gamla daga. |

| AÐ DRAGA ÁLYKTUN – ÞRIGGJA DÁLKA GLÓSUR | | |
|---|------------------|---------|
| Texti | Bakgrunnsþekking | Ályktun |
| | | |

ÁLYKTUNARFORMÚLAN



Texti

Ég á heima í útjaðri lítils þorps.
Þetta er fiskiþorp því hér er höfn
og í höfninni eru margir fiskibátar.
Hér er barnaskólinn, skólinn minn.



Bakgrunnsþekking

Í dag er talað um „grunnskóla“
en í gamla daga var talað um
„barnaskóla“.



ÁLYKTUN

Ályktun

Sagan gerist í gamla daga!